

## **Sundráð ÍRB fundur 30. ágúst 2011**

**Mættir:** Falur, Sigurbór, Elsie, Hilmar, Herdís, Freydís, Anna, Harpa, Guðmunda, Hjördís og Sigurbjörg. Ant yfirþjálfari mætti einnig á fundinn.

### **1. Farið yfir síðustu fundargerð og hún samþykkt.**

### **2. Farið yfir stöðu í hópum og skráningar.**

Skráningar fara vel af stað í ákveðnum hópum en mætti vera meiri fjöldi mætti vera í hópum í Njarðvíkurskóli og Akurskóla.

Verið er að skoða að breyta æfingartínum fyrir Háhyrninga þar sem það er hægt til að gera sundmönnum í Innri-Njarðvík kleift að ná á æfingu 10 mín fyrr.

### **3. Ljósanótt**

Björgunarsveitin hefur gert ráð fyrir að taka þátt í áheitasundinu með ÍRB. Hjördís talar við Ljósanæturnefndina, Falur talar við Örn um að vera tengilið. Allir sem fæddir eru 1998 eiga kost á að taka þátt í þessari fjárlöfun.

### **4. "600 stiga" móti og æfingarmót**

Burns móti í annarri viku í janúar í Sheffield fyrir sundmenn. Verið að hugsa um að opna þetta fyrir Afrekshóp því mótið er aldursskipt. Einnig er verið að skoða næstu æfingarferð og spurning um að styttu æfingarferðina og tengja við móti.

### **5. Foreldrafundir**

Falur fór yfir punktana sem ræddir verða á fundunum. Hægt verður að panta ÍRB húfur á fundinum og hægt að kaupa sundhettur. Mikilvægt að minna á fundinn með yfirþjálfara næsta miðvikudag. Allir sundmenn verða að eiga fulltrúa á þeim fundi einnig.

### **6. Búningar**

Búningar verða seldir í október. Verður líka athugað með húfur og bakpoka.

### **7. Bikar**

Bikar verður afmælismót SSÍ. Ákveðið að sækja um mótið.

### **8. Samstaða í stjórn**

Mikilvægt að standa saman út á við þegar ákvarðanir hafa verið teknar. Gott að fólk hafi mismunandi skoðanir og við skiptumst á skoðunum á fundum. Mikilvægt að leiðréttu einnig misskilning og rangfærslur sem eru í umræðunni.

### **9. Önnur mál**

a) Hörður jákvæður gagnvart því að Landsbankamótið verði lágmarkamót fyrir Ólympíuleikana. Fáum það staðfest um leið og þetta er ljóst.

- b) ÍRB þing 5. september kl. 20:00 í Akademínunni.
- c) Ant sýndi okkur bol sem krakkarnir hafa hannað fyrir Sérsvitina
- d) Næsti fundur 27. september kl. 19:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Róbertsdóttir.